

Atvinnuvegaráðuneytið
Skrifstofa landgæða og dýraheilsu
Borgartúni 26
105 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 23. september 2025

Efni: Umsögn um samantekt um stöðu fæðuöryggis á Íslandi

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til ofangreinds skjals, sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 9. september sl. Samkvæmt samkomulagi við ráðuneytið hefur fyrirtækið Nordic Insights unnið samantekt um stöðu fæðuöryggis, í samstarfi við rýnihóp sérfræðinga frá ráðuneytinu, Háskóla Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands.

FA fagnar þessari samantekt, þeim vinnubrögðum sem er beitt við gerð hennar og hinu breiða sjónarhorni á fæðuöryggi, þar sem horft er í senn til mikilvægis alþjóðlegra markaða og alþjóðlegra samninga, innlendarar fæðuframléiðslu og aðgengis heimila að matvælum. FA hefur oft þótt sjónarhornið í fyrri umfjöllun á vegum stjórnvalda um fæðuöryggi heldur þröngt og ekki taka mið af bláköldum staðreyndum varðandi hnattstöðu Íslands og möguleika landsins á að vera sjálfu sér nægt um fæðu. Hér er því ekki að heilsa, heldur horft í augu við raunveruleikann og ábendingar settar fram á grundvelli staðreynda.

FA hefur í fyrri samskiptum við ráðuneytið, m.a. vegna mótunar matvælastefnu og varðandi neyðarbirgðahald, undirstrikað að það er ekki skynsamlegt fyrir neitt ríki heims, og allra sízt lítið, opið og fremur einhæft hagkerfi eins og það íslenzka, að stefna að því að verða sjálfbært um alla skapaða hluti, þar á meðal mat. Hagkvæmasta nýting auðlinda og annarra framleiðsluþátta næst með því að ríki framleiði til eigin þarfa og útflutnings það sem þau geta framleitt með hagkvæmari hætti en aðrir, en flytji inn það sem aðrir framleiða á hagkvæmari vísu. Öll stefnumótun varðandi fæðuöryggi verður að taka mið af útreikningum á kostnaði annars vegar og ábata hins vegar við þær ráðstafanir sem gripið er til í því skyni að efla innlenda framleiðslu, auka birgðir o.s.frv.

FA lýsir ánægju með að í samantektinni sé ekki tekið undir að viðbrögð og stefnumótun í þessum efnum verði að miðast við óraunhæfar dómsdagsspár um að landið geti einangrazt með öllu. Réttilega er bent á seiglu alþjóðlegra aðfangakeðja og rétt er að rifja upp að hvorki í tveimur heimsstyrjöldum né í heimsfaraldrinum fyrir skömmu rofnuðu aðfangakeðjur til Íslands.

Viðskiptahindranir

Í kafla samantektarinnar um alþjóðlega markaði er fjallað um viðskiptahindranir, og þá aðallega um mögulegar útflutningstakmarkanir, sem önnur ríki kynnu að beita gagnvart Íslandi. Full ástæða er til að fjalla um heimatilbúnað viðskiptahindranir, sem hafa bein áhrif á aðgang heimila að matvælum á viðráðanlegu verði, t.d. tolla á ýmsar matvörur sem engin innlend framleiðsla er á, eða uppboð á tollkvótum, sem íslenzka ríkið hefur samið um í alþjóðlegum samningum. Í samantektinni er þannig

fjallað um vaxandi eftirspurn eftir kartöflum til djúpsteikingar, en á þær leggur íslenska ríkið 46% toll þótt innlend framleiðsla á vörunni sé engin. Tollkvótauppbóðin draga úr hag neytenda af þeim tollfríðindum, sem samið hefur verið um. Samkvæmt tölum, sem ráðuneytið útvegaði FA nýlega, nemur útboðsgjald, sem lagt er á innfluttar matvörur, um þriðjungi allra tekna íslenska ríkisins af tollum og blasir við að með tollkvótaútboðunum er verið að hækka matarverð í landinu.

Í umfjöllun um hversu vel framleiðsla innlendra afurða annar eftirspurn, væri fróðlegt að skoða hversu mikið af búvörum hefur þurft að flytja inn á fullum tollum þegar skortur hefur verið á innlendri vöru og tollkvótar anna ekki eftirspurn fyrir innflutning eða árstíðabundnir tollar eru í gildi. Verulega hefur vantað upp á að innlend kjötframleiðsla anni eftirspurn, eins og fram kemur í samantektinni. Sama á við um eggjaframleiðslu á þessu ári og því síðasta, en tölur samantektarinnar ná aðeins til ársins 2023. Í tilviki útiræktaðs grænmetis þurfti t.d. um margra vikna skeið síðastliðið vor að flytja inn kartöflur á fullum gjöldum. Hindranir af þessu tagi skerða að ósekju aðgang heimila að matvörum á viðráðanlegu verði.

Stefnumörkun um birgðahald

Á meðal ábendinga í samantektinni er að huga að betri nýtingu innlendra áburðarefna, marka stefnu um birgðahald varðandi áburð, fóður og olíu og öryggi aðfangalína. Einnig er réttilega bent á að ólíkt mörgum öðrum löndum hafi Ísland ekki komið á fót kerfi til að fylgjast með eða tryggja lágmarksbirgðir af lykilhráefnum til fæðuframleiðslu, eða matvælum yfirleitt. Hér á það sama við og áður var sagt, að mat á kostnaði og ábata þarf að liggja til grundvallar ákvörðunum um t.d. að skylda einkafyrirtæki til að halda tiltekið magn af neyðarbirgðum. Vísast um það efni til annarra samskipta FA og ráðuneytisins í framhaldi af útgáfu skýrslu starfshóps forsætisráðherra um neyðarbirgðir.

Mikill kostnaður getur fylgt neyðarbirgðahaldi. Það getur þurft að reisa nýjar vöruskemmur fyrir milljarða króna, auk þess sem mikill kostnaður er fólgin í fjárbindingu, umsýslu, gengistryggingum o.fl. Eigi að gera sambærilega kröfu um olíubirgðir hér á landi og gerðar eru í ýmsum nágrannalöndum, gæti það þýtt tvöföldun á olíugeymaplássi í landinu, á tímum orkuskipta. Stjórnvöld verða að horfast í augu við þann kostnað sem af slíkum skuldbindingum getur hlotizt og vera reiðubúin að mæta honum, eigi að gera kröfur til innflutningsfyrirtækja um skyldubirgðir.

Flutningskostnaður og samkeppni

Að mati FA mættu ábendingar í samantektinni taka meira tillit til mikilvægis samkeppni á matvælamörkuðum og í tengdri starfsemi. Í kaflanum um flutninga og flutningskerfi er réttilega bent á að hár flutningskostnaður hefur áhrif á fæðuöryggi. Ein orsök hás flutningskostnaðar á Íslandi er ónóg samkeppni í alþjóðlegum flutningum. Áhugavert væri að sjá samanburð á hlut flutningskostnaðar í matvælaverði hér á landi og í samanburðarlöndum. Þá væri full ástæða til að leggja áherzlu á að styrkja samkeppni í flutningastarfsemi. Stjórnvöld hafa sýnt tveggja ára gömlum tilmælum Samkeppniseftirlitsins um það efni furðulega lítinn áhuga.

Efling grænmetisframleiðslu

FA tekur undir ábendingar um mikilvægi þess að móta stefnu til að efla innlenda grænmetisframleiðslu. Félagið tekur undir að ástæða sé til að kanna hvort og hvernig sé hægt að beita stuðningskerfi landbúnaðarins til að styðja frekar við grænmetisframleiðslu. Félagið minnir á að árum

saman hefur staðið klausa í búvörusamningi ríkisins og grænmetisbænda, um að greina eigi hagkvæmni þess að taka upp uppskerutengdar greiðslur vegna útræktaðra garðyrkjuafurða og kartaflna, gegn mögulegri niðurfellingu og/eða lækkun tollverndar, án þess að nokkur niðurstaða hafi komið úr þeirri vinnu. Slík breyting var gerð árið 2002 hvað varðar sumar afurðir ylræktar og hefur gefizt vel.

Að lokum

FA ítrekar að félagið fagnar samantektinni. Félagið áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og er að sjálfsögðu reiðubúið að funda með ráðuneytinu ef óskað er.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA